

Erling Blöndal Bengtsson

## Kammertónleikar

### Tónlist

Jón Ásgeirsson

Meistarinn Erling Blöndal Bengtsson lék sl. miðvikudag á vegum Kammermúsikklúbbsins, tvær svítur eftir Johann Sebastian Bach og frumflutti auk þess einleiksverk eftir Atla Heimi Sveinsson, sem höfundurinn nefnir „Úr þagnarheimi“. Það þarf ekki að tunda eitt eða neitt um snilld flytjandans, því cellósnillingurinn Erling Blöndal Bengtsson er einn mesti Bach-tulkandi heimsins í dag.

Fyrsta viðfangsefnið er einn var fimmta svítan eftir Bach. Þar leikur Bach sér að því að breyta dansgerðum svítunnar, sérstaklega í „saraböndunni“ og síðasta kaflanum „gikknum“. Í þriðju svítunni, sem var síðasta verkefnið á þessum tónleikum, fer Bach eftir svítuforskriftinni. Sérfræðingar hafa velt því fyrir sér hvers vegna innskotskaflarnir í svítunum, t.d. Gavottan í fimmtu svítunni og Bourrée-kaflinn í þeirri þriðju, séu lagrænastir og oftast notaðir sem aukalög en aðrir þættir þessara verka. Enginn kann þar á viðhlítandi skýringu en svona er það nú samt.

Eins og fyrr segir þarf í rauninni fá orð um snilld einleikarans og fyrir undirritaðan var leikur hans í Sarabande- og Gavotteköflunum í fimmtu svítunni stórkostlegur, svo og öll þriðja svítan,

sem var ótrúlega fallega leikin og þrungið sterkri tilfinningu fyrir stórkostlegum tónleikum Bachs.

Á milli meistaraverka Bachs lék Bengtsson nýtt verk eftir Atla Heimi Sveinsson. Verkið heitir „Úr þagnarheimi“ og þar leikur Atli með undur veikar tónlínur og blæbrigði sem Bengtsson lék af ótrúlegri snilld. Þrátt fyrir að verkið sé nútímalagt í gerð er það tónalt, sérlega langrænt og finlega unnið. Vel hefði meistarinn mátt leika þetta fallega verk eftir Atla aftur á tónleikumunum, því svo óhönduglega tókst til, að „í því neðra“ kirkjunnar, var æskufólk að flytja sinn „poppóð“ og dró þaðan að heyra dómsdagsbumbur og djúpbassaslátt, sem var í fyrstu í sömu tóntegund og verk Atla en truflaði auðvitað tónleikagesti.

Slíkt samspil, sem hér átti sér stað, er auðvitað óafsakanlegt af hálfu þeirra sem stjórna daglegum rekstri Bústaðakirkju, en þessi fallega og hljómgóða kirkja hefur um árabil verið einn besti staðurinn hér í bæ til músíkal-skrar fhugunar og þar af leiðandi eins konar samastaður Kammermúsikklúbbsins. Nú er þar verið að setja upp nýtt og vandað orgel, sem vonandi þarf ekki að þola samspil við tröllriðna fjölmiðlatónlist, eins og átti sér stað á þessum snilldartónleikum.

# Skýrleiki myndefnisins

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Um hinn mikla ameríska ljósmyndara *Imogen Cunningham* (1883–1976) má segja, að ljósmyndir hennar hafi fyrst og fremst einkennst af hreinleika og skýrleika myndefnisins.

Þá er í raun heilmikið sagt, því að það afhjúpar listrænan persónuleika hennar og óvægar kröfur til sjálftrar sín.

Imogen Cunningham var ein af nafnkenndustu ljósmyndurum vestra um sína daga og gegndi svipuðu hlutverki í list ljósmyndunarinnar og Georgia O'Keeffe í málverkinu, en þær voru af sömu kynslóð, þótt Imogen væri 5 árum eldri.

Báðar voru stórhuga og jafnokar karlmanna í listgreinum sínum og þeim flestum fremri, þótt þær lifðu á erfiðum tímum fyrir konur.

Og eftirtektarvert er, að þær notuðu mikið blóm fyrir myndefni og segja margir það hafa haft sterkan tilfinningalegan bakgrunn tengdan kynlífi og æxlun.


Cunningham gerði fyrst ýmsar tilraunir í anda djarfhuga ljósmyndara eins og t.d. Alfred Stieglitz og vann þá mjúkar móðurmyndir myndrænnar uppbyggingar í anda Gertrude Käsebiers. En hún hneigðist eins og Stieglitz til hefðbundinnar ljósmyndunar og var það eftir kynni við Edward Weston, sem gerði henni grein fyrir mikilvægi ljósmyndarinnar sem beins miðils. Úr því urðu flokkar af blómavervefnum, þar sem stækkanir á smáatriðum og óaðfinnanleg lýsing eru hliðstæða óhlutlægri blómamynd eftir O'Keeffe.

Þessar ljósmyndir voru óháðar handleikni með linsum og vinnu í framköllunarherberginu í þeim tilgangi að fá þær til að fá svip af málverkum og helst yfirgangna þau.


Hér var einfaldlega beðið eftir rétttri náttúrubirtu og treyst á skarpskyggni augans, innsýn og þroskaða kennd fyrir myndefninu.

Þessir miklu ljósmyndarar kusu þannig að vinna með náttúrunni og vera eitt með sköpunarkrafti hennar, líkt og svo margir málara, og höfnuðu öllum hjáleitum tæknigöldrum – upprunalegur hreinleikinn og skýrleiki myndefnisins var þeim allt.

Og eins og segir í ritgerð Richard Lorenz í sýningarskrá, þá bað Richard Neutra Edward Weston um að skipuleggja framlag ljósmyndara á vestrströndinni á hina sögulegu sýningu „Film und Foto“ í Stuttgart í Þýskalandi árið 1929 og óskaði hann eftir nokkrum blómamyndum Imogen Cunninghams. Hann hafði orðið frá sér numinn af mynd hennar af jökul-lilju sem hann sá á sýningu í Los Angeles Country Museum árið áður, og skrifaði eftirfarandi um sýningu á verkum hennar í sýningarsal í Carmel:



Penelope Duncan, 1910-1915.



„Verksmiðja 1928“.

„Hún notar miðil sinn, ljósmyndina, af heidarleika, engar brellur, engar undanfærslur, hrein og bein mynd af hlutunum sjálfum, lífi þess sem ber fyrir augu í gegnum ljósop hennar, lífið innan hins augljósa ytra forms.

Með óumdeilanlega starfsgleði, með ótruflaða sýn hins sanna ljósmyndara, þekkingu á hvað hægt er að gera og hvað ekki með þessum miðli, leitar hún aldrei tæknilegra klækja eða lítur á sig sem efni í þriðja flokks málara.

Imogen Cunningham er ljósmyndari! Og óvenjugóð sem slíkur.

Það er mikill viðburður að fá sýningu lífsverks Imogen Cunningham til Íslands og verður ótvírátt að teljast með mestu listviðburðum ársins en um þessar mundir getur að líta mikinn földa mynda hennar í austursal Kjarvalsstaða og ber sýningin nafnið „Frontier“ – ljósmyndir 1906-1976.

Getur þetta yfirlit góða hugmynd um þróunarferil listakonunnar og kaflaskil frá fyrstu tíð til síðustu ára en hún var virk fram í háa elli.

Með því að vera með báða fætur í nútíðinni og miðla henni nær listamaðurinn lengst í listsköpun sinni. Þetta skynjaði Imogen Cunningham og því var henni þessi tilvitnun í skáldskap Walt Whitmans svo nær: „Samt mun koma sá tími þegar ekkert verður eins áhugavert og áreiðanlegar endurminningar um fortíðina.“

Þetta mættu vera einkunnarorð sýningarinnar, því að ýmsar myndir á henni eru þesslegar í skarprí sjónrænni byggingu, að manni kæmi jafnvel ekki á óvart að rekast á hliðstæður í sambandi við sýningar núlísta manna í dag og þá kannski undir hugtakinu rýmisverk – skúlptúr...

## Háskólatónleikar – þeir fyrstu á starfsárinu

### Tónlist

Ragnar Björnsson

Þessi fyrstu háskólatónleikar í ár voru helgaðir Jóni Ásgeirssyni tónskáldi og tveim ungum tónlistarkonum. *Hrafnhildur Guðmundsdóttir*, mezzo, ásamt *Guðríði St. Sigurðardóttur* pianóleikara fluttu sönglög eftir Jón. Sjö fyrstu löggin voru valin úr leikhústónlist Jóns, nánar tiltekið úr leikgerðum af skáldverku Halldórs Laxness. Það er því eðlilegt að löggin beri keim leikhústónlistar og þetta er ekki sagt vegna þess að sé veikleiki laganna. Hins vegar eru löggin ekki skrifuð við pianóundirleik uppr-

unalega heldur skrifar Jón pianóhlutann síðar en slíkt hlýtur að vera vandaverk sem Jón sleppur vel frá. Ekki brýtur Jón blað í tónlistarsögunni með lögum þessum og spurning er hvort rétt er að flytja þau eins og nú var gert, í samhengi, eins og um ljóðaflokk væri að ræða. En hvað um það, löggin eru einföld en falleg og vís til að ná vinsældum. Best heppnaða lagið þótti mér þó „Þótt form þín hjúpi graflín“ en það er mjög vel uppbyggt lag, að ógleymsdu síðasta laginu „Maistjörninni“ sem er hrein perla. Hins vegar er ég engan veginn sammála Jóni um réttmæti pianóhlutans, og síðar tilkomins endis. Þessi einfalda tónsmíð er sungin af háum og lág-



Jón Ásgeirsson



Hrafnhildur Guðmundsdóttir



Guðríður St. Sigurðardóttir

um frá fjöru til fjalls og það er á mörkunum að höfundur hafi lengur rétt til að breyta einni einustu nótu í laginu svo sterk ítök á það í sinni upprunalegu mynd meðal þjóðarinnar.

Hrafnhildur Guðmundsdóttir er mjög efnileg söngkona, hún hefur þann mál og raddböndum, og þær gáfur aðrar sem til þarf til þess að ná markinu sem margir keppa að. Þetta gerist þó ekki nema að hægt sé að fórna listinni öllu og

síðan að vera á réttum stað á réttu augnabliki. Í biðstöðunni ætti Hrafnhildur að leggja sérlega rækt við textaframburð og stuðning í mezzo-forte- og mezzopiano-söng. Sönglöggin þrjú við ljóð Matthíasar Johannessen hefði Hrafnhildur þurft að syngja án bókar, en löggin, sem eru erfið í flutningi, liðu nokkuð við hversu hún var bundin bókinni. Pianóleikur Guðrúnar St. Sigurðardóttur var smekklegur og í góðu jafnvægi við Hrafnhildi.

★  
Pakkir til menntamálaráðherra. Ég ætla að leyfa mér að nota tækifærið hér og þakka menntamálaráðherra, Svavari Gestssyni, skýringar fram settar í Morgunblaðinu 17. þ.m. í sambandi við ritdóm minn um Símfóníuhljómsveit Íslands og framkvæmdastjóra hennar Sigurð Björnsson. Líklegt er að sumir forverjar ráðherrans hefðu ekki látið svo lítið að gefa sér tíma til þess að svara spurningum sem vel var hægt að leiða hjá sér, og eykst við virðing mín fyrir ráðheranum. Lesendur verða síðan að svara hver fyrir sig, hvort þeir láti sér svarið nægja. Að ávarpa mig sem tónskáld verður að vera á ábyrgð Svavars sjálfs, en fyrir þá hlið hef ég litla viðurkenningu hlotið. Meira gert að því að reyna að túlka skrif annarra, sem í sumum tilfellum a.m.k. má reyndar kalla tónsköpun.